

Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2022

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Þannig klofna hreyfingar

Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands, sá ástæðu til að rita grein vegna gagnrýni sem hún og reyndar „Alþýðusambandið“ sjálf hefur setið undir frá tveimur áberandi forystumönnum hreyfingarinnar. Greinin er birt í heild sinni hér í fréttabréfinu en rétt er að vekja athygli á megin atriði hennar.

Drífa segir nefnilega í grein sinni: „Vinnandi fólk á Íslandi á þá sjálfsögðu kröfu að við sem störfum fyrir verkalyðshreyfinguna komum fram sameinuð og forðumst að tynast í eigin ágreiningi sem oft og tíðum fjallar um völd, persónur og leikendur.“

Þetta er mergur málsins. Launafólk á Íslandi – hvort heldur það eru sjómenn, ræstingafólk eða verslunar fólk greiðir félagsgjöld sín til verkalyðsfélaga og felur þeim sem kjörnir eru til forystu umboð sitt til að semja um kaup og kjör og til að vinna að öðrum hagsmunamálum. Fólk sem stritar langan vinnudag við einhæf og erfið störf hefur engan áhuga á að félagsgjöld þeirra séu aðgangseyrir að leðjuslag forystufólks þar sem sjálfsupphafning einstakra þátttakenda er í aðalhlutverki.

Félagsmenn verkalyðsfélaga eiga það skilið að forystufólk hreyfingarinnar vinni saman að sameiginlegum hagsmunamálum, láti lýðræðisleg vinnubrögð ráða för þar sem ágreiningur er en snúi bókum saman þegar komið er í baráttuna.

Það er eðlilegt að upp komi málefnalegur ágreiningur um einstök mál – forystufólk hreyfingarinnar kemur úr ólíkum stjórnmalaflokkum og er með ólíka lífssýn, félögin eru ólík og hagsmunir félagsmanna geta verið mismunandi milli félaga; en við viljum treysta því og trú á að allir forystumenn hafi sem brennandi hugsjón að vinna að hagsmunamálum launafólks og bæta lífskjör alþýðu landsins. En sú umræða á að vera málefnaleg.

Félagsmenn taka ávarðanir fyrir sitt félag

Formaður sem ekki treystir sér til að ræða hagsmunamál launafólks



án þess að ausa persónulegum svívirðingum yfir annað forystufólk – er ekki heppilegur til forystu fyrir allt launafólk. Slíkir forystumenn kljúfa hreyfingar.

Félagsmönnum eða forystumönnum eins verkalyðsfélags kemur hreinlega ekkert við hver er kosinn til forystu í öðru félagi. Það er í hæsta máta óviðeigandi að forysta í einu félagi blandi sér í innanfélagsmál í öðru félagi. Forysta AFLs hefur lagt áherslu á að skipta sér ekki af málefnum annarra félaga í hreyfingunni; við treystum félagsmönnum annarra félaga til að taka ákvarðanir um eigin málefni án okkar aðkomu.

Hvort einstaka forystumanni AFLs líkar niðurstaðan eða ekki – kemur málinu ekkert við. Formaður AFLs er kjörin til að vinna með formönnum annarra félaga að hagsmunamálum félagsmanna – ekki til að verða vinur þeirra.

Samhent Alþýðusamband er baráttutækid

Reynslan hefur sýnt að sameinuð er hreyfingin sterk og getur lyft grettistöfum. Sundruð erum við veik og auðveld bráð fyrir stjórnvöld og peningavaldið. Þeir sem tala fyrir klofningi og auka sundrung eru að

veikja hreyfinguna og skaða hana. Við getum tekist á um málefni á fundum hreyfingarinnar eða í fjölmiðlum – en við eigum að gera það á yfirvegaðan hátt.

Við kjósum forseta Alþýðusambandsins á þingum þess. Það er eðlilegt að það komi mótframboð og hefur gerst oftar en ekki – þá kjósa þingfulltrúar og sú niðurstaða ræður.

Lýðræði er oft hundleiðinlegt og tímafrekt í augum þess sem allt þykjast vita og kunna. Lýðræði er hins vegar það sem tryggir aðkomu okkar allra að stjórn og stefnumótun

– hvort heldur er samfélagsins eða bara lítilla verkalyðsfélaga.

Í ljósi hótana einstakra forystumanna um að félag þeirra muni ganga úr Alþýðusambandinu ef þeir fá ekki vilja sínum framgengt – þá er rétt að hvetja þá til að gera það sem þeir telja rétt fyrir hagsmunum sína félagsmanna. Við höfum trú á því að Alþýðusamband samhentrar forystu, jafnvel þó það sé minna en það er í dag, sé vænlegra baráttutæki fyrir launafólk en stærri samtök klofin í margar fylkingar.

Sjómenn í mótbyr

Samningafundi sem boðaður var sl. mánudag í deilu Sjómannaambands Íslands við útgerðarmenn var frestað og verður væntanlega í næstu viku. Veruleg óánægja er meðal sjómanna með hægagang í viðræðum. Sjómenn hafa verið samningslausir í á þriðja ár og hafa m.a. mátt þola að fastir launaliðir þeirra sbr. kauptryggingu hafi setið eftir og ekki hækkað á borð við það sem aðrir launþegar hafa fengið.

Víða um land innan aðildarfélaga SSÍ eru kröfur þegar orðnar háværar um að viðræðum við útgerðarmenn verði þegar í stað slitid og verkfallsaðgerðir undirbúnar.

Átökin í verkalýðshreyfingunni

Þegar ég tók við embætti forseta ASÍ haustið 2018 einsetti ég mér að forðast í lengstu lög að munnhöggvast við félagi mína opinberlega. Ég taldi – og tel enn – að leiða ætti ágreining til lykta innan lýðræðislegra stofnana hreyfingarinnar. Vinnandi fólk á Íslandi á þá sjálfsgöðu kröfu að við sem störfum fyrir verkalýðshreyfinguna komum fram sameinuð og forðumst að tynast í eigin ágreiningi sem oft og tíðum fjallar um völd, persónur og leikendur.

En nú er svo komið að ég get ekki setið lengur þegjandi hjá þegar formaður stærsta verkalýðsfélags landsins og stærsta aðildarfélag ASÍ fer ítrekað fram opinberlega og málar Alþýðusambandið upp með þeim neikvæða hætti sem hann hefur gert í tveimur greinum og fleiri viðtölum.

VR og átök innan ASÍ

Átök og valdabaráttu hafa alltaf verið hluti af Alþýðusambandi Íslands, enda koma þar saman félög í umboði ólíkra stétta sem eiga ekki alltaf sömu hagsmunum. En oftast hefur ASÍ borið gæfa til að snúa bókum saman og vinna að þeim sameiginlegu málum sem varða allt okkar félagsfólk og samfélagið í heild. Þannig hafa náðst sigrar sem hafa lagt grunninn að þeim lífsgæðum sem við búum við á Íslandi og mætti nefna allt frá atvinnuleysisstryggingum til vinnuverndar, fæðingarorlofi til skilgreindrar vinnuviku. Enn er þó mikið verk óunnið og við sem stöndum í brúnni berum ríka ábyrgð á að halda áfram baráttunni fyrir kjörum og réttindum vinnandi fólks og almennings alls.

Formenn VR hafa stundum hreyft því að ganga úr ASÍ og taka þannig ekki þátt í starfi öflugra heildarsamtaka. Að því hefur þó aldrei orðið, enda ekki ólíklegt að í allsherjaratkvæðagreiðslu myndi félagsfólk meta það sem svo að sterk heildarsamtök þjóðuðu hagsmunum þeirra – og samfélagsins – betur. Núverandi formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, sker sig þó úr með því að hafa hótad úrsögn VR úr ASÍ oftast en ég hef tölu á. Þess á milli hótar hann því að beita valdi sínu til að reyna að skerða tekjustofna ASÍ. Þessar hótanir hafa gjarnan komið í kjölfar þess að formaðurinn er ósáttur við stefnu sambandsins eða ákvarðanatöku í tilteknum málum.

En hver er þá hinn málefnalegi ágreiningur? Sannast sagna er hann stundum óljós og hann hefur ekki alltaf verið borinn formlega á borð



innan ASÍ. Eftir lesningu á því sem opinberlega hefur komið frá Ragnar eru þó nokkur mál sem hann nefnir og ég vil svara fyrir hér.

Samtrygging og málefni lífeyrissjóðanna

Í fyrsta lagi eru það lífeyrismál. Þegar lífeyrissjóðakerfinu var komið á laggirnar, með kjarasamningi árið 1969 var staðan sú að vinnandi fólk gat vænst þess að fá 17% af grunnlaunum verkafólks í ellilífeyri úr almannatryggingum. Algennt var að verkafólk hefði hreinlega ekki efni á að hætta að vinna og vann sig jafnvel til dauða. Lífeyriskerfið var byggt upp á samtryggingarhugsjóninni, þ.e. að við ættum sjóðina saman og tryggðum hvert annað. Manneskja sem missir starfsorku vegna slyss eða veikinda á miðri starfsævi ætti þannig réttindi til framfærslu.

Ragnar hefur viljað veikja samtryggingarhluta kerfisins og styrkja séreignarhlutann, þar sem lífeyririnn er meira í ætt við bankabók. Ef einhver slasast 35 ára þá á viðkomandi auðvitað minna inni á þeirri bók. Ég – og hingað til meirihlutinn innan ASÍ – höfum hins vegar viljað standa vörð um upprunalegt hlutverk lífeyrissjóðanna sem er að vera samtryggingarsjóðir vinnandi fólks.

Vildu lækka mótframlag atvinnurekenda

Deilurnar sem áttu sér stað fyrir tveimur árum þegar Vilhjálmur Birgisson sagði af sér sem fyrsti varaforseti ASÍ og Ragnar sagði sig úr miðstjórn sneru einmitt að lífeyrismálum. Þeir vildu draga

tímabundið úr mótframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóði – sem samið hafði verið um í kjarasamningum – til að létta fyrirtækjum róðurinn vegna Covid-faraldurins sem þá var rétt nýhafinn og enginn vissi hvernig myndi þróast. Sem forseti ASÍ átti ég í samskiptum við atvinnurekendur fyrir hönd ASÍ en Vilhjálmur og Ragnar áttu greinilega í hliðarsamtölum við fulltrúa atvinnurekenda þar sem rætt var um að skerða mótframlagið. Sjónarmið þeirra nutu ekki meirihluta stuðnings innan ASÍ heldur stóð vilji til að verja kjarasamninga í lengstu lög. Viðbrögð Vilhjálmur og Ragnars voru að storma á dyr, en eftir viku af yfirlýsingum og gífuryrðum vildu þeir báðir draga afsögn sína til baka. Þá var búið að afgreiða afsögn Vilhjálmur í miðstjórn, kominn var inn nýr fulltrúi í hans stað. Afsögn Ragnars var hins vegar ekki búið að afgreiða þar sem skilaboð sem frá honum bárust voru tvíræð og þegar hann loks staðfesti afsögn sína beið afgreiðslan næsta fundar. Ég rek þetta hér því bæði Ragnar og Vilhjálmur hafa haldið því ítrekað fram að geðþótti og ásælni í fjármagn VR hafi ráðið því að mál þeirra voru afgreidd með ólíkum hætti.

Síðan hefur auðvitað komið í ljós að engin ástæða var til að minnka mótframlag atvinnurekenda til lífeyrissjóðanna, nema þá til að þjónkast atvinnurekendum, veikja lífeyrissjóðina og hægja á þeirri vegferð að launafólk á almennum markaði njóti sambærilegra eftirlauna og þau sem starfa fyrir hið opinbera. Eftir miklu var að slægjast því tillaga Ragnars og Vilhjálmur

hefði sparað atvinnurekendum samanlagt tíu milljarða króna á hverjum ársfjórðungi og tapið verið hið sama fyrir vinnandi fólk. Eitt er víst og það er að atvinnurekendur myndu sannarlega meta það svo að við værum enn langt frá því að geta endurvakið mótframlagið á nýju, enda er alltaf kreppa hjá atvinnurekendum þegar umræðuna um kjör launafólks ber á góma.

Hitt er annað og það er að í gagnrýni Ragnars á lífeyrissjóðskerfið má líka finna ýmislegt sem taka má undir, ekki síst þau atriði sem lúta að spennunni sem getur myndast milli hagsmunna sem við eigum sem sjóðsfélagar annars vegar og sem launafólk og neytendur hins vegar. Og það er rétt að of lengi hefur ASÍ forðast lýðræðislega umræðu um þetta kerfi. Til að bregðast við þessu ákvað miðstjórn ASÍ að efna til rökræðufundar um lífeyrismál sem haldinn var í upphafi þessa mánaðar. Tilgangur slíkra funda er að dýpka og kjarna umræðuna, sem síðan getur orðið grundvöllur að frekari stefnumótun. Mikið var lagt í undirbúning fundarins en þegar á hólminn var komið neitaði Ragnar að taka þátt í fundinum og krafði aðra félagi í Landssambandi Verzlunarmanna um að gera slíkt hið sama. Ástæðan var sú að hann móðgaðist yfir tölvupóstsamskiptum sem komu þessum fundi ekkert við. Ég spyr því: Vill hann raunverulega breyta lífeyrissjóðskerfinu og vinna skoðunum sínum fylgi, eða finnst honum nóg að viðhafa gífuryrði í blaðagreinum?



Mynd: Þór Jónsson, Djúpvaggi.

Tilfærslukerfin og húsnæðismál

Í öðru lagi er Ragnar ósáttur við að innan ASÍ sé vilji til að nýta tilfærslukerfin til að mæta því fólki sem nú lendir í fjárhagsvandradum vegna vaxtahækkana og ástandsins á húsnæðismarkaði. Hann vill heldur „ráðast að rót vandans“ og stöðva okkur bankanna. Þar höfum við talað einum rómi gegn gróðahyggjunni. Ég tel hins vegar að það sé ekki hægt að horfa á fólk missa lífsviðurværið og jafnvel heimili sín á meðan við reynum að knýja bankana til stefnubreytingar. Þá tel ég að það sé engin leið til að líta svo á að það að efla tilfærslukerfin sé af hinu illa, áherslan á þau eru í raun í takt við áhersluna á krónutöluhækkunar umfram prósentuhækkunar. Þetta eru kerfi sem vinna gegn ójöfnuði og beina stuðningi þangað sem hans er þörf. Ég tel að við höfum farið villur vegar í húsnæðisáttum að leyfa þessum kerfum að fjara út. Þess í stað er almenningi gert að nýta eftirlaunasjóði sína til að koma sér þaki yfir höfuð. Sú leið er með innbyggðan ójöfnuð, þar sem hinir tekjuhærra njóta meiri fyrirgreiðslu, og er tæplega sjálfbær til lengdar. Við höfum gengið of langt í að leyfa stjórnvöldum að skera sig úr snörinni með því að seilast í okkar eigin vasa og leggja þannig af opinberan stuðning við lág- og millitekjufjölskyldur í húsnæðisáttum.

Í þriðja lagi hefur Ragnar nefnt stofnun Blævar – húsnæðisfélags. Ég hef unnið að því að koma Blævi á laggirnar í samstarfi við BSRB og Bjarg og stjórnarmenn í þessum félögum, þar á meðal Ragnar. Með stofnun Blævar er lagður grunnur að nýju formi á húsnæðismarkaði og um það gilda reglur sem við

þurfum að hlíta. ASÍ og BSRB hafa samþykkt að gerast bakhjarlar verkefnisins sem að sjálfsgöðu þarf að tryggja að tefli ekki hagsmunum samtakanna og aðildarféлага þeirra í tvísýnu. Ég vísa því á bug að það mál hafi ekki fengið eðlilegan framgang af hálfu ASÍ.

SALEK: Hafnað árið 2016

Í fjórða lagi hefur Ragnar nefnt SALEK. Það er rétt að innan ASÍ var ágreiningur um SALEK. Sá ágreiningur var leiddur til lykta á þingi ASÍ árið 2016 þar sem hreyfingin lýsti sig andsnúna þeirri vegferð sem þar var lagt upp með. Sjálf starfaði ég innan Starfsgreinasambandsins á þeim tíma og lagðist á árnar með þeim sem vörðu við þeim einföldunum og skerðingum á réttindum launafólks sem SALEK byggði á. Að halda því fram að ASÍ hafi leynt og ljóst unnið að SALEK síðan þá er hreinn uppspuni. Innan ASÍ er andstaða við þær hugmyndir sem þá voru á borðum. Inn í þetta fléttar Ragnar síðan deilur sem urðu innan ASÍ um frumvarp til starfskjaralaga en um ágæti þess vorum við ósammála. Sjónarmið hans urðu hins vegar ofan á og frumvarpið var ekki lagt fram í þeirri mynd sem þá var lagt upp með.

Lýðræðið og umboð forseta ASÍ

Þetta leiðir svo aftur að umræðunni um lýðræði innan ASÍ. Samtökin styðjast við ákveðna ákvarðanatökufarla og í gegnum þá hefur Ragnar oft lagt gott til og fengið sín stefnumál í gegn. En það er auðvitað ekki algilt, fremur en á við um aðra. Ragnar talar iðulega á þann veg að segi hann eitthvað í krafti embættis síns sem formaður stærsta aðildarfélagsins eigi það

einfaldlega að gilda. Hann hefur kallað eftir einföldu meirihlutaræði og farið fram á atkvæðagreiðslur um tillögur sem fólk hefur hreinlega ekki upplýsingar til að taka ákvarðanir um. Hann hefur viljað afgreiða erindi til miðstjórnar með ólíkum hætti eftir því frá hverjum þau koma og kennir lýðræðisskorti um þegar hann fær ekki sínu fram. Ég tel hann oft setja fram einfaldaða mynd af lýðræðinu. Ég tel til dæmis að smærri stéttarfélög á landsbyggðinni hafi líka rödd sem skiptir máli, þótt þau séu með færri félagsmenn. Þannig er lýðræði í mínum huga ekki aðeins atkvæðagreiðsla, heldur líka samtal og tilraunir til að ná samhljómi.

Þá hafna ég þeirri túlkun Ragnars á stjórnskipulagi ASÍ að ég sæki umboð mitt til hans eða einstakra formanna innan ASÍ. Umboð mitt sem forseti sæki ég til þings ASÍ. Þar var ég kjörin árið 2018 með 66% greiddra atkvæða og endurkjörin árið 2020 án móttframboðs. Þingið er jafnframt sá staður þar sem stefna ASÍ er mótuð í samfélagi 300 félagsmanna.

Hreyfingin þarf að lifa okkur öll

Sagan hefur sýnt að verkalyðshreyfingin er sterkust þegar hún stendur saman. Ég tel misráðið að taka þetta ár – ár þar sem kjarasamningar eru lausir og teknar verða veigamiklar ákvarðanir í kjölfar Covid-kreppunnar – í harðvítug innanbúðarátök. En standi vilji til þess mun ég tala fyrir ASÍ sem sterkum og öflugum heildarsamtökum. Ég mun tala fyrir samstöðu og í þágu þeirra hagsmuna sem við sannanlega eigum sameiginlega. Ég mun líka minna ítrekað á að verkalyðshreyfingin þarf að lifa allar þær persónur og leikendur sem nú eru á sviðinu; hreyfingin er miklu stærri en hvert og eitt okkar.

Ég veit að þessi afstaða á sterkan hljómgrunn innan aðildarféлага ASÍ og samfélagsins í heild.

Drífa Snædal
Forseti ASÍ

Sumarúthlutun orlofshúsa

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um sumarhús AFLs í sumar. Alls er félagið með 24 hús víðsvegar um land.

Umsóknarfrestur er til 12. apríl á hádegi en úthlutað verður eftir hádegi þann dag á opnum fundi sem haldinn verður í húsnæði félagsins að Búðareyri 1, Reyðarfirði og hefst kl. 16:30.

Við úthlutun eru þeir í forgangi sem ekki hafa fengið úthlutað síðustu þrjú ár og er dregið á milli jafnréttihárra umsókna. Þeir sem ekki fá úthlutað fá númer á biðlista í samræmi við útdráttinn. Félagsmenn eru hvattir til að sækja um aðal- og varaumsókn en það eykur líkur á því að unnt verði að koma til móts við óskir sem flestra.

Þing sambanda

Nú stendur yfir á Akureyri áttunda þing Starfsgreinasambands Íslands. Þingið átti að halda síðastliðið haust en var frestað vegna Covid.

AFL Starfsgreinafélag á rétt á, og sendir, 10 fulltrúa á þingið sem kjörnir voru á aðalfundi deildarinnar í febrúar. Á þinginu verða línurnar lagðar í starfsemi sambandsins en auk þess fjallað um kjaramál, atvinnumál, húsnæðismál, lífeyris- og jafnréttismál.

Kosin verður ný forysta sambandsins til eins og hálfis árs en fyrir liggur að bæði formaður og varaformaður gefa ekki kost til endurkjör.

Á Hallormsstað stendur yfir þing Landssambands íslenskra verslunarmanna. AFL á einn fulltrúa á þinginu. Það sama á við um þing LÍV að það átti að halda það síðastliðið haust en var frestað. Efnistöð þingsins eru svipuð og á þingi SGS.

Þing Alþýðusambands Íslands verður svo haldið um miðjan október.

Nýr þátttakandi í félagakerfi AFLs

Í síðustu viku samþykkti stjórn Stéttarfélagins Öldunnar á Sauðárkróki að taka upp félagakerfið Tótal sem AFL hefur þróað undanfarin ár. Tótal ehf – sem fer með eignarhald á kerfinu og formaður Öldunnar stefna að

því að ganga frá samningi um áskrift Öldunnar og innleiðingu á næstu dögum.

Formaður Öldunnar er Þórarinn Sverrisson, sem er fæddur og uppalinn á Eskifirði og á stóran frændgarð þar.


Trúnaðarmenn óskast – er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Þrátt fyrir að AFL standi fyrir tugum trúnaðarmannakosninga á hverju ári virðist sem aðgengi að trúnaðarmönnum fari versnandi. Fyrir þremur árum töldu um 80% félagsmanna sig eiga greiðan aðgang að trúnaðarmanni á sínum vinnustað en í ár er þessi tala komin niður í um 70%.

Breytingarnar virðast vera nokkuð jafnar yfir starfahópa og eftir svæðum – en lélegast virðist aðgengi að trúnaðarmönnum á Eskifirði og minni stöðum í Fjarðabyggð. Einnig virðist áberandi að minna aðgengi er að trúnaðarmönnum á

vinnustöðum með lágar tekjur og litla menntun.

Að sögn Gunnars Smára Guðmundssonar, starfsmanns AFLs, sem hefur umsjón með málefnum trúnaðarmanna félagsins, er sífellt erfiðara að fá trúnaðarmenn til starfa og algengt er að efnt er til kosninga aftur og aftur á sama vinnustað um trúnaðarmann – en án árangurs. Það er því full ástæða til að hvetja félagsmenn til að kynna sér starf og stöðu trúnaðarmanna og gefa sig fram við Gunnar Smára þar sem vantar trúnaðarmenn.



5% fjölgun félagsmanna – 73 þjóðerni


Félagsmönnum AFLs hefur fjölgað um ca 5% á milli ára en iðgjöld hafa hækkað um 13%. Um það bil 8% hækunar iðgjalda má því rekja til hærri launagreiðslna á síðasta ári. Sérstaklega hækkuðu laun á þjónustusviði, matvælasviði og iðnaðarsviði innan Starfsgreinasambandsins eða um 20 – 24%. Launatekjur verslunarmanna innan AFLS hækkuðu um 19% á árinu og sjómanna um 16%.

Þessar tölur endurspeglar ekki launahækkunir á hvern starfsmann heldur eru blanda af fjölgun í röðum félagsmanna og hærri launatekna.

Á meðfylgjandi mynd til hliðar sést hvernig fjölgun félagsmanna greinist á kyn og aldursflokka. Körlum fjölgaði um 5,7% og yngra fólki um 5,4%.


Félagsmenn AFLs á síðasta ári voru af 73 þjóðernum. Íslenskir félagsmenn voru 4.486, pólskir 929, tékkneskir 142, rúmneskir 132, litháískir 106, lettneskir 77, ungværskir 45 og danskir 40.

Ath. hér er miðað við iðgjaldatekjur vegna mismunandi hópa og



Samstaða með Úkraínu

Pólska verkalyðssambandið Solidarnosc hefur sent áskoran til allra fulltrúa sinna í EWC (European Work Councils) um að þeir beiti sér þar fyrir því að þau fyrirtæki sem þeir vinna hjá, hætti öllum viðskiptum við rússnesk fyrirtæki. Solidarnosc hefur sent tilkynningu þessa efnis á verkalyðssambönd í Evrópu og hvetja fulltrúa í EWC ráðum til að hafa samráð við fulltrúa sem



skipaðir eru af Evrópusambandi verkalyðsfélaga (ETUF).



Lífeyrissjóðir eru í eðli sínu einfalt fyrirbæri. Sjóðirnir eru vörsluadilar sparnaðar launafólks og ávaxta hann í umbodi þeirra þar til kemur að útgreiðslu lífeyris. Eðli málsins samkvæmt geta sjóðirnir aðeins greitt út lífeyri í samræmi við þær eignir sem eru til staðar hjá sjóðunum, hvorki meira né minna. Þess vegna liggur beint við að tengja ávöxtun sjóðanna við þau réttindi sem sjóðfélagar eiga.

Stapi lífeyrissjóður er eini íslenski lífeyrissjóðurinn sem hefur stigið þetta skref. Í hverjum mánuði eru

Góðri ávöxtun miðlað beint í réttindi sjóðfélaga

eignir sjóðsins metnar og réttindi sjóðfélaga uppfærð í samræmi við ávöxtun mánaðarins. Með þessu móti njóta sjóðfélagar góðrar ávöxtunar strax í áunnum réttindum sínum og ekki er þörf á því að uppfæra réttindi vegna ávöxtunar í stórum stökum á ársfundum sjóðsins, líkt og tíðkast hjá hefðbundnum íslenskum lífeyrissjóðum.

Undanfarin þrjú ár hafa verið afskaplega hagfelld hvað varðar ávöxtun eigna Stapa lífeyrissjóðs. Frá ársbyrjun 2019 til ársloka 2021 hækkaði svokölluð eignavísitala Stapa um 51%. Réttindasjóður sjóðfélaga er uppreiknaður með þessari sömu eignavísitölu og hafa

óúrskurðað réttindi því hækkað um ríflega helming á þessu tímabili. Góðri ávöxtun eigna sjóðsins er þannig miðlað beint yfir í aukin réttindi sjóðfélaga.

Því miður hefur þróunin á eignamörkuðum það sem af er ári ekki verið jafn hagfelld og undanfarin þrjú ár. Stríðsátök í Úkraínu og vaxtahækkunarferli seðlabanka hér heima og erlendis hafa haft neikvæð áhrif á verðmæti eigna sjóðsins. Af þessum sökum var ávöxtun eigna sjóðsins fyrstu tvo mánuði ársins neikvæð sem nemur ríflega 3%. Niðurstaða áhættumats sjóðsins vegna stríðsátakanna er að aðeins 0,1% af eignum sjóðsins voru í Rússlandi og Úkraínu og eru bein áhrif stríðsins því hverfandi

á sjóðinn. Óbeinu áhrifin eru hins vegar töluverð í formi hækkanndi hrávörverðs, verðbólgu og hökti í aðfangakeðjum sem mun vafalítið setja mark sitt á ávöxtun ársins 2022. Eignasafn Stapa er vel í stakk búið til að takast á við áskoranir ársins. Samhliða hækkan á verði áhættusamari eigna sjóðsins undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að viðhalda lágu áhættustigi sjóðsins með sölu á hluta þessara eigna. Þannig nam hrein sala sjóðsins á skráðum innendum og erlendum hlutabréfum 8 mö. kr. árið 2021. Sjóðurinn er því vel staðsettur með fjölbreytt eignasafn og reiðubúinn að nýta tækifæri sem gætu myndast við skarpar verðleidréttingar á óróatímum.

Jóhann Steinar Jóhannsson
framkvæmdastjóri Stapa